

# Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 þriðjudaginn 16. maí 2023 – Hótel Laugarbakki

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Jóhanna Ey Harðardóttir, Guðmundur Þór Birgisson, Hilda Jana Gísladóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir og Örn Arnarson boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Halldór Óli Kjartansson, Hjalti Páll Þórarinsson, Jóhannes Árnason, Katrín Harðardóttir og Rögnvaldur Már Helgason

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður bar fram tillögu um Unni Valborgu Hilmarsdóttur sem fundarstjóra. Tillagan samþykkt.

Formaður kynnti tillögu um Hjalta Pál Þórarinsson sem fundarritara. Tillagan samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og byrjaði á að fara yfir lögmati fundarins. Löglega var til hans boðað, engar athugasemdir bárust við boðun hans og telst hann því löglegur.

Fundarstjóri greindi frá því að fundurinn er tekinn upp og sendur út.

## 1. Skýrsla stjórnar

Sýndur var fyrri hluti myndbands þar sem starfsfólk MN fór yfir helstu verkefni síðasta árs.

Formaður tók því næst til máls. Hann fór í stuttu máli yfir helstu áskoranir og árangur í starfi MN árið 2022. Formaður lagði einnig áherslu á samstöðu og samvinnu allra til að auka veg ferðabjónustu til framtíðar.

Formaður þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið. Hann þakkaði einnig starfsfólki MN fyrir vel unnin störf.

Sýndur var seinni hluti myndbands frá starfsfólki MN.

## 2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri lagði fram samþykktan og undirritaðan ársreikning MN 2022 til kynningar og fór yfir einstaka liði hans.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

## 3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Framkvæmdastjóri kynnti samþykktu fjárhagsáætlun MN fyrir árið 2023.

#### 4. Stjórnarkjör

Halldór Óli gerði grein fyrir kjöri stjórnar. Að þessu sinni stóð kjörið um 3 sæti í stjórn, 2 sæti á Norðurlandi eystra og 1 á Norðurlandi vestra.

Á Norðurlandi eystra eru Guðmundur Birgisson og Steinunn Heba Finnsdóttir að hætta í stjórn, en hvorugt þeirra gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Frambjóðendur í þeirra stað eru Sara Sigmundsdóttir hjá Akureyri Whale Watching og Ármann Örn Gunnlaugsson hjá Sjóböðunum á Húsavík. Ekki bárust önnur framboð til fulltrúa á Norðurlandi eystra og því eru Sara og Ármann sjálfkjörin.

Á Norðurlandi vestra er kjörið um sæti Viggós Jónssonar formanns, en hann hefur boðið sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Ekki bárust önnur framboð til fulltrúa á Norðurlandi vestra og því er Viggó sjálfkjörinn.

Tveir fulltrúar í varastjórn eru kjörnir á hverju ári. Sitjandi fulltrúar buðu sig fram aftur og þar sem ekki bárust önnur framboð voru þeir sjálfkjörnir. Í varastjórn sitja því áfram Tómas Árdal hjá Arctic Hotels á Norðurlandi vestra og Þorbjörg Jóhannsdóttir hjá Höldi á Norðurlandi eystra.

Samkvæmt skipulagsskrá eru tvö sæti stjórnar skipuð af landshlutasamtökunum SSNE og SSNV. Þeir fulltrúar sitja áfram þar til þeirra umboð er endurnýjað eða nýir fulltrúar skipaðir í þeirra stað. Hilda Jana Gísladóttir situr fyrir hönd SSNE og Jóhanna Ey Harðardóttir fyrir hönd SSNV.

Halldór las stutta kynningu frá nýkjörnum stjórnarmönnum frá Norðurlandi eystra.

Viggó flutti einnig stutta kynningu.

Fundarstjóri þakkaði frambjóðendum fyrir sitt framlag til uppbyggingar ferðapjónustu á Norðurlandi.

#### 5. Kjör endurskoðenda

Stjórn hefur samþykkt að halda endurskoðun óbreyttri í höndum KPMG.

#### 6. Starfshættir stjórnar

Engar breytingar á starfsreglum stjórnar.

#### 7. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og gaf að því búnu formanni orðið.

Formaður þakkaði traustið til áframhaldandi stjórnarsetu. Hann hrósaði einnig starfsfólki MN fyrir vinnu undanfarinna ára og ítrekaði mikilvægi samheldni og samstöðu allra sem vinna við ferðapjónustu.

Formaður sleit fundi kl. 13:40.

Fundarritari: Hjalti Páll Pórarinsson